

**Sp. 61. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]**  
um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að sjávarútvegsmálaráðherra setji nú þegar nýja reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnótaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómíli frá yztu annesjum, eyjum og skerjum.

**Greinargerð.**

Þingsályktunartillögu þessa flutti ég á síðasta þingi, og náði hún ekki fram að ganga. Aðgerðir í þessu efni þola ekki bið, eins og nú er komið fiskveiðum hér við land, svo sem rækilega voru leidd rök að í greinargerð þeirri, er tillögunni fylgdi þá. Fram skal tekið, að felld eru niður úr tillögugreininni orðin „eigi síðar en að

loknu yfirstandandi þingi Sameinuðu þjóðanna“, en þess í stað lagt til, að reglugerðin verði sett nú þegar. Á síðasta þingi fylgdi tillögunni svo hljóðandi greinargerð:

„Með hverju árinu sem liður eykst og margfaldast hagnýting nýrrar tækni á öllum sviðum atvinnulífsins.

Iðnaðarframleiðslunni fleygir fram risaskrefum í vinnslu náttúrlegra efna. Upp eru fundin ýmiss konar gerviefni, en framleiðsla þeirra er orðin mjög fyrirferðarmikill þáttur í iðnaðinum.

Landbúnaðurinn er enginn eftirbátur í því að tileinka sér nýjungar á þessu sviði. Þar eru á brautum nýrrar tækni unnin stórvirki í verndun og aukningu gróðurrikisins og hagnýtingu þeirra náttúrugæða.

Þá hefur beiting nýrrar tækni ekki farið fyrir ofan garð og neðan hjá sjávarútveginum. Tekur það jöfnum höndum til fisköflunarinnar og hagnýtingar fiskisins.

Stórfelldastar eru þó framfarirnar í fiskveiðunum. Að því er til þorskveiðanna tekur, er þáttur botnvörpuveiðanna stærstur, t. d. í Norður-Atlantshafinu. Aukning sú, sem orðin er á fiskveiðum með þessum hætti, tekur flestu eða öllu fram. Skipin, sem þessar veiðar stunda, eru alltaf byggð stærri og stærri, og vaxa veiðiafköstin að sama skapi. Þessi stóru skip geta verið að veiðum í flestum veðrum. Aflvélar þeirra eru svo kraftmiklar, að þau geta dregið vörpuna á því dýpi, þar sem annars er fisks að vænta. Opvidd vörpunnar er því meiri, sem skipið er stærra. Þessari veiðiaðferð er beitt gegn öllu, sem kvikt er í sjónum, nema stórhvelum. Botnvarpan sogar í sig, þar sem hún fer um, fisk á öllum aldurs skeiðum, frá hinu minnsta seiði til þess fisks, sem náð hefur fullum þroska. Á sumum svæðum er dráp og eyðing ungfisksins, sem engum kemur að gagni og mokað er aftur í sjóinn, miklu stórfelldara að tölunni til en nytjafisksins. Og nú er sums staðar mikið um það rætt og þegar hafnar tilraunir í þá átt að senda frá veiðiskipunum rafmagnsstraum niður í sjóinn í því skyni að geta með þeim hætti aukið veiðiafköstin, og enn fleira af því tagi er á þróunum í sambandi við botnvörpuveiðarnar.

Eins og botnvörpuveiðarnar eru nú reknar, er efnt til svo skefjalausrar rányrkju í sjónum, að öllum hugsandi mönnum hlýtur að hrjósa hugur við. Og það er ekki að ófyrirsynju, þó að menn spyrji, hvar þetta lendi. Segja mætti, að það væri sök sér að hlíta enn um skeið, án þess að breytingar yrðu gerðar á fiskveiðalandhelginni, rányrkju af þessu tagi, ef á vegum hinnar nýju tækni væru tiltæk ráð til þess að forða uppfæðingnum frá því að lenda í botnvörpunni, og veit þó enginn nema botnvörpuveiðarnar, þó að þeim væri beint að nytjafiskunum einum saman, gætu orðið svo tilþrifamiklar og aðgangsharðar, að til ofveiði drægi samt. En hér er engu slíku til að dreifa. Engin tæknileg ráð, er hér koma að haldi, hafa enn sem komið er fundizt. Hér skyldi því allrar varúðar gætt, og það er vissulega timabært, að að því sé hugað.

Það er að því vikið í upphafi þessarar greinargerðar, að í iðnaðinum og þá ekki síður í landbúnaðinum sé tækninni fyrst og fremst beitt til uppbyggingar, bættra og aukinna lífsskilyrða í heiminum. Í sjávarútveginum stefnir þróunin í veigamiklum atriðum í gagnstæða átt. Það er með botnvörpuveiðunum verið að rífa niður í stað þess að byggja upp.

Engin þjóð í veröldinni er jafnmikið háð fiskveiðunum og Íslendingar. Meginhlutinn af útflutningsverðmætum þjóðarinnar er tengdur við þennan atvinnuveg. Íslendingar þurfa á miklum gjaldeyri að halda til kaupa á nauðsynjum frá öðrum löndum. Það er ekki langt til alið um varanlega uppbyggingu atvinnuveganna í landi voru.

Það hefur að langsamlega mestu leyti fallið í skaut þeirrar kynslóðar, sem hér hefur lifað og starfað það sem af er þessari öld, að inna þessa uppbyggingu af hendi. Íslendingar hafa í þessu efni færzt mikið í fang hin síðari ár. Og þeir eru staðráðnir í að beina að því orku sinni og manndómi að sækja þar fast fram. En eins og að líkum lætur, er ekki enn, þrátt fyrir þróttmikið starf hina síðustu ára-

tugi, hálf sótt haf, að því er til þess tekur að hagnýta náttúrugæði lands vors. En framkvæmd áforma Íslendinga í þessu efni er að sjálfsögðu mjög háð því, hversu gjöfug fiskimiðin við strendur landsins reynast þeim. En þar eru óneitanlega dökkar blikur í lofti.

Á fiskimiðin umhverfis Ísland sækir frá sjö þjóðlöndum árlega mikill fjöldi erlendra botnvörpuskipa. Tala þeirra vex með hverju árinu sem líður. En þar með er sagan ekki öll sögð. Stærð þessara skipa og veiðiafköst vaxa hröðum skrefum.

Ástæðan til þess, hve mikilli örtröð erlendir togarar valda á fiskimiðunum hér við land, er sú, að fiskafli á heimamiðum þeirra þjóða, sem gera út skipin, hefur þorrið sökum ofveiði þeirrar, sem þau hafa valdið þar. Er því siglingu þessara skipa beint á þau fiskimið, sem enn gefa nokkuð í aðra hönd.

Það er nú að verða lýðum ljóst, að fiskimiðin við Ísland þola ekki þessa ániðslu til lengdar. Hér stefnir að því jafnt og þétt, ef ekkert verður að gert, að meira og meira dragi úr aflabrögðum og að Íslendingar standi andspænis þeim afleiðingum, sem óhjákvæmilega sigla í kjölfar ofveiðinnar.

Reynslan frá stríðsárunum sýndi bezt, hver áhrif það hafði á fiskveiðar Íslendinga, að niður lögðust með öllu að heita mátti siglingar erlendra botnvörpuskipa hingað. Á þessum árum óx fiskimagnið á miðunum stórkostlega. En eigi leið á löngu eftir síðara stríðið t. d., að það færi að draga úr aflabrögðunum. Friðunin, sem kom til framkvæmda 1952, sýndi nokkurn árangur, sem kom fram í því, að bátafloinn fékk nokkru rýmra svæði til athafna sinna en áður var. En með stöðugt aukinni ásókn erlendra togara á miðin hefur komið í ljós, að sú friðun nær harla skammt. Tvö síðustu ár hefur veiðunum hrakað, miðað við það tímabil, sem við bjuggum að aukningu fiskjarins á stríðsárunum. Tvö síðastliðin ár hafa bátaveiðarnar minnkað og þó alveg sérstaklega á árinu 1956. Þá var aflinn í Faxaflóa að meðaltali í hverjum róðri rúmlega einni smálest minni en árið 1948, þrátt fyrir það þótt bátarnir hafi stækkað og veiðarfæranotkun allt að því tvöfaldast frá því, sem var árið 1948. Á Vestfjörðum er munurinn þó enn meiri, þar hefur aflinn minnkað allt að þremur smálestum í róðri. Afli togara á heimamiðum hefur einnig minnkað á tveimur s. l. árum.

Það er mjög athyglis- og ihugunarvert dæmi um áhrif botnvörpunnar, hversu farið hefur um karfaveiðarnar. Hér við land hafa á síðustu árum fundizt allviðáttumikil karfamið. Þessi mið reyndust í upphafi mjög aflasæl. Var þar í byrjun miklu skjóttæknari veiði en nokkur dæmi voru til um aðrar fiskveiðar á sama tíma. En þetta stóð ekki nema um skamma hrið. Aflinn þvarr þrátt, og eyðing karfastofnsins á þessum miðum virðist svo alger, að þar hefur ekki á síðustu árum orðið vart við karfa. Það veit enginn, hvað langan tíma það tekur, að karfinn komi aftur á miðin. Og einu gildir, hvar við strendur landsins finnast ný karfamið, alls staðar sækir í sama horfið. Að sama brunni ber á þeim karfamiðum, sem fundizt hafa við Grænland. Þau hafa einnig verið uppurin á skömmum tíma.

Það hefur orðið hlutskipti íslenzkra togara í seinni tíð vegna vaxandi aflabrests á heimamiðum að leita á Grænlandsmið. Þetta gaf í fyrstu allgóða raun, einkum meðan karfaveiðin hélzt. En eftir að sú veiði brást, hefur mjög dregið úr siglingum þangað, og hafa þær nú að mestu lagzt niður. Á miðin við Grænland hefur að undanförmu sótt mikill fjöldi botnvörpuskipa viðs vegar að. En þrátt fyrir það þótt á þessum slóðum séu geysilega viðáttumikil fiskisvæði og að þorskurinn hefur á síðustu 20—30 árum hrygnt á norðlægari breiddargráðum en áður var, eru botnvörpuveiðarnar farnar að segja þar til sín víðar en á karfamiðunum. — Það má gjarnan skjóta því hér inn í sambandi við fiskveiðar Íslendinga við Grænland, að það er býsna hart, að þeir skuli vera þar engu betur settir en óviðkomandi þjóðir, þrátt fyrir það þótt þeir eigi sögulegan og lagalegan rétt til landsins og hagnýtingar á náttúrugæðum þess til lands og sjávar.

Eins og nú er að verða ástatt um fiskimiðin við Ísland og veiðihorfur á þeim,

er ekki nema um tvennt að velja fyrir Íslendinga, að stækka friðunarsvæðið verulega eða horfa fram á það, að útgerðin kvoðni niður og veslist upp vegna aflabrests. Þetta eru þau alvarlegu fyrirbæri, sem vér nú stöndum frammi fyrir, og þetta eru svo augljós sannindi, að þar verða ekki brigður á hornar. Það er Íslendingum því lífsnauðsyn, að friðunarsvæðið við strendur landsins verði stækkað. Þetta þarf að gera, áður en allt er komið í kalda kol, áður en uppbyggingarstarf þjóðarinnar og framtakssemi hefur vegna aflabrests beðið mikinn og alvarlegan hnekki. Hér er því í þessari þingsályktunartillögu lagt til, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að sjávarútvegsmálaráðherra, þegar fullnægt er yfirlýsingu utanríkisráðherra, sem tengd er við lok yfirstandandi þings Sameinuðu þjóðanna, setji nýja reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnotaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómíli frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum. Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að friðunarsvæði það, sem hér um ræðir, verði ákveðið með sama hætti og gert var 1952.

Engin algild regla er til um stærð slíkra friðunarsvæða í heiminum. Þjóðirnar hafa mismunandi reglur um þetta. Í Suður-Ameríku er landhelgislinan almennt 200 sjómíli. Ástralía hefur ákveðið mjög stórt friðunarsvæði hjá sér. Rússar og Júgóslavar hafa 12 mílna landhelgi, sömuleiðis Austur-Þýzkaland og Pólland. Norður-Evrópuríkin fylgja enn 3—4 mílna landhelgi, en rætt er um aukna friðun í ýmsu formi, þar á meðal alfriðun vissra svæða utan línunnar o. fl. Bandaríkin hafa áskilið sér rétt yfir öllu landgrunninu, en hafa gagnvart fiskveiðum þriggja mílna landhelgi, hafa þó áskilið sér rétt til að gera frekari friðunarráðstafanir til verndar fiskstofninum. Þótt Kanadamenn hafi enn hjá sér þriggja mílna landhelgi, hafa þeir lýst yfir fylgi sínu við 12 mílna landhelgi. Þróunin í þessum málum er stækkun friðunarsvæða, sem er eina ráðið til þess að draga úr áhrifum af rányrkju þeirri, sem af botnvörpuveiðunum hlýzt.

Rýmkun sú á friðunarsvæðinu, sem ákveðin var með reglugerðum árin 1950 og 1952 og vikið er að hér að framan, hefur borið árangur, einkum á svæðinu fyrir Suðvesturlandi, Faxaflóa og Breiðafirði. Það hefur komið mjög skýrt í ljós, að ýsu-, lúðu- og skarkolastofninn, sem var mjög til þurrðar genginn á þessum slóðum, hefur vaxið mjög ört, síðan friðunin tók gildi. En árangur af þessari friðun nær harla skammt til þess að hamla upp á móti og bægja frá þeirri vá, sem hér er fyrir dyrum. Þar þarf miklu meira til.

Þeir stórfurðulegu atburðir gerðust, svo sem kunnugt er, í sambandi við fyrrgreinda ákvörðun, að nokkrum hópi útgerðarmanna í gömlu viðskiptalandi Íslendinga tókst að brjóta sér leið að því að koma á þar í landi sölubanni á fiski frá Íslandi. Hélzt þeim uppi um nokkurt árabíl að beita Íslendinga þessum ójafnaði. Þessi ofbeldisaðferð gagnvart lítilli þjóð, sem berst harðri baráttu fyrir lífi sínu og tilveru, mæltist að vonum hvarvetna mjög illa fyrir. En nú er þetta hjá liðið og viðskiptin milli landanna runnin í fornan farveg. Báðar þjóðirnar, þeir ekki síður en vér, fagna því, að á grundvelli sátta og samlyndis verði nú aftur treyst margra alda gömul viðskipta- og vináttubönd.

Að sjálfsögðu her íslenzkum stjórnarvöldum að gera þeim erlendu þjóðum, er kynnu að telja sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við þessa ákvörðun vora, skýra og ljósa grein fyrir því, hver lífsnauðsyn það er fyrir Íslendinga að stækka friðunarsvæðið við strendur landsins. Þessar þjóðir þekkja af eigin raun áhrif botnvörpuveiðanna á heimamiðum sínum, sem þær hafa orðið að yfirgefa vegna ofveiði. Þær hafa og alla aðstöðu til þess að gera sér þess ljósa grein, að þess verði ekki æðilangt að biða, að sömu örlög biði fiskimiðanna við Ísland og að hér verði ekki feitan gölt að flá fyrir þá, þegar nokkuð liður frá. Skilgóðir menn á sviði fiskveiðanna vita, að líkt hagar til hér á stórum svæðum og í Norðursjónum til dæmis að taka, að mikill grúi ungvíðis er á sömu svæðum og nytjafiskurinn og fær sömu afdrif og hann, en þar eru botnvörpuveiðarnar háskalegastar, og þar

segir ofveiðin fyrst til sín. Þetta er sú hliðin, sem snýr að hinum erlendu þjóðum, er hér stunda botnvörpuveiðar.

En hver verður úrkostur Íslendinga, er slíku vindur fram sem hér er lýst? Hvert eiga þeir að flýja, og hvar eiga þeir skjóls að leita, þegar fiskimiðin eru uppurin?

Með því samstarfi, sem nú er þjóða í milli og Íslendingar eru þátttakendur í, er þetta engan veginn málefni Íslendinga einna, þótt ógæfan, sem af þessu hlýzt, knýi fastast á þeirra dyr. Stórþjóðir þær, sem Íslendingar eru í samstarfi við, hafa tekið að sér það göfuga hlutverk að vernda rétt smáþjóðanna og stuðla að því á allan hátt, að þær geti lifað frjálsar og óháðar í landi sínu og búið að þeim gæðum lands og sjávar, sem þær að guðs og manna lögum eru eigendur að og eiga alla lífsafkomu sína undir því, að eigi sé af öðrum gengið á þennan rétt.

Þetta samstarf á því að vera Íslendingum sverð og skjöldur í máli þessu. Það á að veita Íslendingum tryggingu og öryggi fyrir því, að engri erlendri þjóð haldist það uppi stundinni lengur að ganga í berhógg við og brjóta niður ráðstafanir, sem Íslendingum er lífsnauðsyn að gerðar verði og framtíð þeirra byggist á. Íslendingar ættu því ekki að þurfa að bera neinn kviðboga fyrir því, að ekki yrði litið á þessa nauðsyn vora með velvild og skilningi.“